

4. gr.

Ný málsgrein, er verður 4. mgr., bætist við 51. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, og orðast svo:

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

5. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og lántöku Tryggingarsjóðs sparisjóða samtals að fjárhæð allt að 3.000 m.kr.

6. gr.

Það er skilyrði fyrir ráðstöfunum til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana samkvæmt lögum þessum að gerður verði samningur milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi stofnunar hins vegar um það til hvaða ráðstafana hún skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu.

7. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd 3., 4. og 6. gr. með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 7. kafla:

Vöruliður 0707 skiptist upp og orðist svo:

Gúrkur og reitargúrkur, nýjar eða kældar:

0707.0001 – Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars 30

0707.0009 – Innfluttar á öðrum tíma 30

2. Við 19. kafla:

Tollskrárnúmer 1905.9050 skiptist upp og orðast svo:

– – Bökur, þ.m.t. pitsur (pizza):			
1905.9051	– – – Sem innihalda kjöt	20	0 0 W
1905.9059	– – – Aðrar	20	0 0 W

3. Við 24. kafla:

Tollskrárnúmer 2403.9901 skiptist upp og orðast svo:

2403.9901	– – – Neftóbak sem inniheldur solutio ammoniac	10	0 0
2403.9902	– – – Annað neftóbak	10	0 0

4. Við 40. kafla:

a) Vöruliður 4003 orðast svo:

4003 Endurunið gúmmí í frumgerðum eða í plötum, blöðum eða ræmum:

4003.1000	– Gólfefni og veggfóður	0	0
4003.9000	– Annað	0	0

b) Tollskrárnúmerið 4014.1000 skiptist upp og orðast svo:

– Getnaðarverjur:			
4014.1001	– – Smokkar	0	
4014.1009	– – Aðrar getnaðarverjur	0	

5. Við 85. kafla:

Tollskrárnúmerið 8509.8000 skiptist upp og orðast svo:

– Önnur tæki:			
8509.8001	– – Rafmagnstannburstar	0	X
8509.8009	– – Annað	15	X

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.Rúna S. Geirsdóttir.